

### **53. fundur háskólaráðs, haldinn 4. janúar 2016, kl. 14:00.**

Fundurinn var boðaður sem símafundur. Á Hólum sátu Erla Björk Örnólfsdóttir (EBÖ) og Sveinn Ragnarsson (SR). Aðrir, á símafundi: Guðrún Þóra Gunnarsdóttir (GÞG), Jón E. Friðriksson (JEF), Katrín Sigurðardóttir (KS) og Sævar Skaptason (SS). Jónína Lilja Pálmadóttir var fjarverandi. Hjördís Gísladóttir ritaði fundargerð.

**Dagskrá:** Framhaldsumræða um starfsreglur skólans, greinar 4 og 5.

EBÖ setti fundinn (kl. 14:05). Áður en gengið var til dagskrár var samþykkt að undirritun fundargerðar síðasta fundar bíði hins næsta.

**Starfsreglur skólans.** EBÖ reifaði málið, útskýrði útsend fundargögn og sagði frá upplýsingum sem hún hefði aflað í símtölum við starfsmenn annarra opinberra háskóla, sem og starfsmann Stjórnartíðinda. Bið eftir birtingu þar er 10 virkir dagar frá innsendingu.

Fram kom að hvorki LBH né HA eru með sérstakar verklagsreglur um endurráðningu rektors. Um Hí gildir nokkuð annað mál, þar sem þar er rektor valinn með kosningu.

Áréttað að starfsreglur skólans eru reglum ráðuneytis sterkari.

Til máls tóku, auk EBÖ, þau GÞG, JEF og SR.

Þar sem EBÖ hefur þegar kynnt ósk sína um áframhaldandi setu í embætti, lýsti hún sig vanhæfa um aðkomu að afgreiðslu málsins, og vék af fundi.

Við tók stutt umræða, þar sem til máls tóku SR, GÞG og JEF. Starfsreglurnar síðan samþykktar samhljóða, eins og þær voru fram settar. Gert er ráð fyrir að rektor komi þeim áfram til birtingar í Stjórnartíðindum þegar í stað.

Í framhaldi af því komu fundarmenn sér saman um næsta fund, sem verði haldinn í Reykjavík 20. janúar nk. kl. 13:00, í Síðumúla 2.

Fundarmenn óskuðu eftir endurinnkomu EBÖ á fundinn, til að ræða önnur mál.

#### **Önnur mál:**

1. Fundarmenn lýstu ánægju sinni yfir nýjustu fréttum af framvindu fjármála skólans. EBÖ tók til máls og áréttaði að fregnirnar væru enn óstaðfestar, en hljóðuðu upp á 40 mill. króna aukið rekstrarfé og 10. millj. kr. í uppbyggingu innviða.
2. EBÖ leggur til að fjárhagsáætlun verði lögð fram til samþykktar á næsta fundi, 20. janúar.
3. EBÖ upplýsti um tvær nýráðningar akademískra starfsmanna, í tímabundnar stöður, og lýsti auk þess nokkrum mannbreytingum um áramót.
4. EBÖ upplýsti að áður falboðið húsnæði Nemendagarða Hólaskóla verði endurauglýst til sölu, á næstu dögum.

Fleira ekki gert, fundi lauk kl. 14:52.